

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1963 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóvember 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um kirkjugarða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allir kirkjugarðar landsins og grafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

2. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknaðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.